

Reglur Borgarbyggðar um félagslega liðveislu

I. Kaffli

Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1. gr.

Markmið liðveislu

Með félagslegri liðveislu er átt við liðveislu skv. 24. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Markmið liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita honum persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, svo sem aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

2. gr.

Réttur til liðveislu

Rétt til liðveislu eiga þeir sem falla undir 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, eru orðnir 6 ára og eiga lögheimili í Borgarbyggð.

Í samræmi við áherslu á snemmtæka íhlutun eiga ófötluð börn sem eiga í félagslegum vanda einnig rétt til liðveislu.

3. gr.

Stjórn og yfirumsjón

Liðveisla heyrir undir Velferðarnefnd. Starfsmenn afgreiða umsóknir og annast daglegan rekstur. Gera skal Velferðarnefnd grein fyrir afgreiðslum.

II. Kaffli

Framkvæmd þjónustunnar

4. gr.

Umsókn um liðveislu

Umsókn skal að jafnaði lögð fram á þar til gerðum eyðublöðum og undirrituð af umsækjanda, forsjáradila hans eða talsmanni.

5. gr.

Mat á þjónustupörf

Þjónustupörf er metin í samráði við umsækjanda og/eða aðstandendur. Við mat á þörf skal taka mið af fötlun, heimilisaðstæðum og annari þjónustu er umsækjandi nýtur.

6. gr.

Tímafjöldi

Liðveisla samkvæmt reglum þessum er eftirfarandi:

1. Liðveisla skal að jafnaði vera 16 klst. á mánuði.
2. Fyrir mikið fatlaða og/eða við erfiðar heimilisaðstæður skal liðveisla vera að hámarki 30 klst. á mánuði.
3. Fyrir ófötluð börn skal liðveisla vera að hámarki 16 klst. á mánuði

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki Velferðarnefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem að ofan greinir.

7. gr.
Afgreiðsla

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta liðveisla skal að jafnaði ekki vera lengri en til 6 mánaða. Heimilt er þó að ákveða liðveislu til 9 mánaða, ef liðveislan er tengd annarri tímabundinni þjónustu t.d. skólavist.

Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til 12 mánaða.

Sé umsókn synjað skal það tilkynnt skriflega með rökstuðningi og gerð grein fyrir rétti til málsskots.

8. gr.
Launakjör starfsmanna

Liðveitendur eru launaðir af Borgarbyggð skv. kjarasamningi. Liðveitendur skulu skila inn vinnuskýrslum á þar til gerðum eyðublöðum. Vinnuskýrslur skulu áritaðar af þeim sem nýtur liðveislu, forsjáraðila eða umboðsmanni, nema annað sé ákveðið.

Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta liðveislu.

9. gr.
Þagnarskylda

Liðveitendur skulu gæta þagnælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af störfum.

10. gr.
Endurgreiðslur á útlögðum kostnaði

Liðveitandi fær endurgreiddan útlagðan kostnað að hámarki kr. 5.000 á mánuði. Allt umfram það verður að samþykkjast af yfirmanni fyrirfram. Þjónustuþegi greiðir sjálfur eigin kostnað. Liðveitendur skulu skila inn reikningsyfirliti ásamt fylgiskjölum eða kvittunum vegna útgjalda. Til útgjalda telst kostnaður liðveitenda vegna liðveislu, s.s. bíó- og leikhúsferða.

11. gr.
Akstur

Að jafnaði skal liðveitandi ekki nota bifreið við störf sín. Þegar óskað er eftir akstri, skal gerður samningur um notkun bifreiðar og akstur greiddur skv. kílómetragjaldi og akstursbók. Hámarksnotkun bifreiðar er 50 km á mánuði.

III. Kafli
Málsmeðferð, málsskot og gildistími

12. gr.
Málsmeðferð

Málsmeðferð skv. reglum þessum fer að ákvæðum 16. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

13. gr.
Málsskot

Málsskot skv. reglum þessum fer að ákvæðum 17. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákvörðun um synjun á umsókn má áfrýja til Velferðarnefndar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun Velferðarnefndar má bera undir Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála innan þriggja mánaða.

Samþykkt af félagsmálanefnd Borgarbyggðar þann 13. september 2006.
Staðfest af Sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 12. október 2006
Samþykktar breytingar í Velferðarnefnd Borgarbyggðar 9. apríl 2015
Staðfest í sveitarstjórn Borgarbyggðar 21. apríl 2015.
Samþykktar breytingar í Velferðarnefnd Borgarbyggðar 27. sept. 2019
Staðfest í sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. nóvember 2019.